

AUGLÝSING

um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014

Alþingi hefur hinn 13. mars 2003 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014.

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002, að á árunum 2003–2014 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

- a. stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
- b. skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
- c. áætlun um fjáröflun til samgöngumála og
- d. yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds og nýfrankvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.

1. STEFNUMÓTUN

Markmið um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).

Stefnt skal að auknum flytjanleika í samgöngukerfinu sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal ná með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst. ferðatíma.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

- a. Grunnnetið byggt upp samkvæmt tillögum um röð framkvæmda.
- b. Þjónusta í grunnnetinu aukin.
- c. Almenningsamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.
- d. Reykjavíkurflugvöllur áfram miðstöð innanlandsflugs og byggð verði þar samgöngumiðstöð.
- e. Upplýsingaþjónusta við almenning og aðra notendur samgöngukerfisins aukin.

Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Stefnt skal að aukinni hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna. Þetta taki til samgöngumannvirkja, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu, svo og samgangna í kerfinu að svo miklu leyti sem ríkið kemur að þeim.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

- a. Leitað leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
- b. Rekstur samgangna í lofti, á sjó og á landi, sem ríkið kemur að, boðinn út til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
- c. Stefnt að sanngjarnri og skilvirkri gjaldtöku fyrir afnot af samgöngukerfinu.

Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Stefnt skal að sjálfbærum samgöngum, en það merkir meðal annars að (a) notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða og (b) að ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Markmiðið tekur einnig til þess að umhverfisáhrifum samgangna, bæði hnattrænum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Þannig sé miðað við að losun CO₂ frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Jafnframt verði dregið úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

- a. Stuðlað að nýtingu umhverfisvænna orkugjafa. Staðið verði fast við það markmið stjórnvalda að 20% af bifreiða- og fiskiskipaflota landsmanna noti vetni í stað jarðefnaeldsneytis árið 2020.
- b. Skattlagning eignarhalds og notkunar bíla með þeim hætti að léttari bílar og bílar sem nota olíu sem eldsneyti verði fýsilegri kostur en nú er.
- c. Ísland í fararbroddi með að fullgilda alþjóðlegar samþykktir gegn mengun sjávar.
- d. Stefnt að gildistöku alþjóðlegra samþykpta og reglna sem takmarka losun efna frá skipum og bílum.
- e. Almenn fræðsla um akstur og aksturslag aukin með það í huga að draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.
- f. Aukin áhersla lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá samgöngum.

Markmið um öryggi í samgöngum.

Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og það gerist best með öðrum þjóðum.

Áfram verði innleiddar reglur Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), sem Ísland er aðili að, eftir því sem þær verða til. Stefnt verði að því að Ísland taki frá byrjun virkan þátt í starfi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA).

Áfram verði stefnt að því að fækka slysum á sjó enn frekar í samræmi við langtímaáætlun um öryggismál sjófarenda sem Alþingi samþykkti 2001, þ.e. um að minnsta kosti þriðjung til ársins 2004.

Stefnt verði að því að fækka banaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni um 40% til 2012 miðað við meðaltal áranna 1996–2000 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001–2012 sem Alþingi hefur samþykkt.

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda verði hluti samgönguáætlunar og taki mið af þessum sérstöku öryggisáætlunum.

Meðal aðgerða til að ná þessu markmiði verði:

- a. Reglur Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) og síðar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) fullgiltar á Íslandi eftir því sem þær verða til.
- b. Komið upp gæðakerfi um öryggismál allra flugvalla sem í rekstri eru sem og í flugumferðarþjónustu.
- c. Unnið eftir sömu stefnu í öryggismálum sjófarenda og mörkuð var með samþykkt langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.
- d. Komið á fót vaktstöð siglinga til að annast leiðsögu- og öryggisþjónustu fyrir skip sem fara um íslenska efnahagslögsögu.
- e. Áhersla lögð á öryggismál í höfnum, bæði við forgangsröðun verkefna og við hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja.
- f. Stuðlað að ábyrgri hegðun í umferð á vegum og götum með aukinni fræðslu og áróðri og auknu eftirliti.
- g. Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættri öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu.
- h. Unnið að enn virkara samstarfi við lögreglu, Umferðarstofu, Umferðarráð og sveitarfélög til að auka umferðaröryggi.
- i. Efldar rannsóknir sem varða öryggismál allra greina samgangna.

2. GRUNNETIÐ

Skilgreining.

Grunnet samgöngukerfisins nær til allra byggðakjarna með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Það nær til þeirra staða sem eru mikilvægastir fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og flutninga til og frá landinu. Netið er samfelld, liggur um þéttbýlisstaði þegar svo háttar til á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlisstöðunum teljast til netsins.

Flug.

Flugvellir í grunnneti skulu vera:

Reykjavík	Þórshöfn
Bíldudalur	Egilsstaðir
Ísafjörður/Þingeyri*	Höfn í Hornafirði
Sauðárkrókur	Vestmannaeyjar/Bakki*
Akureyri	Keflavík
Grímsey	

*Flugvellir sem tengjast flugvöllum í grunnneti.

Haldið verður uppi nauðsynlegu þjónustustigi, sem þarf fyrir áætlunarflug, á Gjögri og á Vopnafirði.

Hafnir.

Hafnir í grunnneti skulu vera:

Grundartangi	Þórshöfn
Akranes	Vopnafjörður
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)	Seyðisfjörður
Grundarfjörður	Fjarðabyggð (Norðfjörður, Eskifjörður og Reyðarfjörður)
Stykkishólmur	Fáskrúðsfjörður
Vesturbyggð (Patreksfjörður)	Djúpivogur
Bolungarvík	Hornafjörður
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	Vestmannaeyjar
Skagaströnd	Þorlákshöfn
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	Grindavík
Siglufjörður	Sandgerði
Ólafsfjörður	Reykjanesbær (Keflavík/Njarðvík)
Dalvíkurbyggð (Dalvík)	Hafnarfjörður
Akureyri	Reykjavík
Húsavík	
Raufarhöfn	

Vegir.

Vegir í grunnneti skulu vera:

Stofnvegir:

1 Hringvegur	45 Garðskagavegur
22 Dalavegur	Reykjanesbraut–Sandgerði
30 Skeiða- og Hrunamannavegur	46 Víknavegur
31 Skálholtsvegur	47 Hvalfjarðarvegur
33 Gaulverjabæjarvegur	49 Nesbraut
Baldurshagi á Stokkseyri–Eyrar- bakkavegur	50 Borgarfjarðarbraut
34 Eyrarbakkavegur	51 Akrafjallsvegur
35 Biskupstungnabraut	54 Snæfellsnesvegur
Hringvegur–Bræðratunguvegur og Laugarvatnsvegur–Hrunamanna- vegur	56 Vatnaleið
36 Þingvallavegur	58 Stykkishólmsvegur
37 Laugarvatnsvegur	60 Vestfjarðavegur
38 Þorlákshafnarvegur	61 Djúpvvegur
39 Þrengslavegur	62 Barðastrandarvegur
40 Hafnarfjarðarvegur	63 Bíldudalsvegur
41 Reykjanesbraut	64 Flateyrarvegur
42 Krýsuvíkurvegur	65 Súgandafjarðarvegur
Reykjanesbraut–Vatnsskarð	67 Hólmavíkurvegur
43 Grindavíkurvegur	72 Hvammstangavegur
44 Hafnavegur	74 Skagastrandarvegur
Reykjanesbraut–Keflavíkurflug- völlur	75 Sauðárkróksbraut
	76 Siglufjarðarvegur
	77 Hofsósbraut
	82 Ólafsfjarðarvegur um jarðgöng til Siglufjarðar

- 85 Norðausturvegur
Hringvegur–Kópasker og
Raufarhöfn–Hringvegur
- 87 Kísilvegur
- 92 Norðfjarðarvegur
- 93 Seyðisfjarðarvegur
- 96 Suðurfjarðavegur um jarðgöng
- 97 Breiðdalsvíkurvegur
- 98 Djúpavogsvegur
- 99 Hafnarvegur
- 205 Klausturvegur
- 240 Stórhöfðavegur
- 343 Álfsstétt
- 359 Bræðratunguvegur
- 365 Gjábakkavegur
- 376 Breiðamörk
Hringvegur–Skólamörk
- 379 Hafnarvegur, Þorlákshöfn
- 409 Fossvogsbraut
- 410 Elliðavatnsvegur
- 411 Arnarnesvegur
- 412 Vífilstaðavegur
- 413 Breiðholtsbraut
- 414 Flugvallarvegur, Reykjavík
- 415 Álftanesvegur
Reykjanesbraut–Túngata
- 418 Bústaðavegur
- 419 Höfðabakki
- 421 Vogavegur
- 423 Miðnesheiðarvegur
- 424 Keflavíkurvegur
- 427 Suðurstrandarvegur
- 429 Sandgerðisvegur
- 431 Hafravatnsvegur
Úlfarsárvegur–Hringvegur
- 432 Hallsvegur
- 450 Sundabraut
- 453 Sundagarðar
- 454 Holtavegur
- 470 Fjarðarbraut
- 503 Innnesvegur
Leynir við Akranes–Akranesvegur
- 509 Akranesvegur
- 531 Borgarbraut
- 574 Útnesvegur
Hellissandur–Ólafsvík
- 617 Tálknafjarðarvegur
Bíldudalsvegur–Lækjargata á
Sveinseyri
- 619 Ketildalavegur
Bíldudalsvegur–Hafnarteigur
- 622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur–Hafnargata á Þing-
eyri
- 636 Hafnarvegur, Ísafirði
- 744 Þverárfallsvegur
- 808 Árskógssandsvegur
- 819 Hafnarvegur, Akureyri
- 820 Flugvallarvegur, Akureyri
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri
Hringvegur–Miðbraut
- 823 Miðbraut
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri
Hringvegur–Miðbraut
- 837 Hlíðarfjallsvegur
Hringvegur–vegamót við Glerárbrú
efri
- 845 Aðaldalsvegur
- 859 Hafnarvegur, Húsavík
- 867 Öxarfjarðarheiðarvegur
- 917 Hlíðarvegur
- 952 Hánefsstaðavegur
Seyðisfjarðarvegur–ytri vegamót
Austurvegar
- 954 Helgustaðavegur
Norðfjarðarvegur–ytri vegamót
Lambeyrarbrautar
- Tengivegir:*
- 25 Þykkvabæjarvegur
- 26 Landvegur
- 32 Þjórsárdalsvegur
- 33 Gaulverjabæjarvegur
Hringvegur–Baldurshagi á Stokks-
eyri
- 35 Biskupstungnabraut
Bræðratunguvegur–Laugarvatns-
vegur
Hrunamannavegur–Gullfoss
- 42 Krýsuvíkurvegur
Vatnsskarð–Suðurstrandarvegur

- | | |
|---|---|
| 44 Hafnavegur
Keflavíkurflugvöllur–Hafnir | 643 Strandavegur
Djúpvegur–Drangnesvegur |
| 52 Uxahryggjavegur
Þingvallavegur–Kaldadalsvegur | 645 Drangnesvegur
Strandavegur–Drangnes |
| 83 Grenivíkurvegur | 731 Svínvetningabraut
Kjalvegur–Hringvegur |
| 94 Borgarfjarðarvegur | 732 Kjalvegur |
| 208 Skaftártunguvegur | 752 Skagafjarðarvegur
Hringvegur–Héraðsdalsvegur |
| 250 Dímonarvegur | 809 Hauganesvegur |
| 252 Landeyjavegur
Hringvegur–Gunnarshólmavegur
Hólmavegur–Gunnarshólmavegur | 821 Eyjafjarðarbraut vestri
Miðbraut–Eyjafjarðarbraut eystri |
| 253 Gunnarshólmavegur
Landeyjavegur–Landeyjavegur | 842 Bárðardalsvegur vestri |
| 254 Hólmavegur | 846 Austurhlíðarvegur
Hringvegur–Laugar |
| 261 Fljótshlíðarvegur
Hringvegur–Dímonarvegur | 848 Mývatnsvegur |
| 430 Úlfarsfellsvegur | 870 Kópaskersvegur |
| 431 Hafravatnsvegur
Hringvegur–Úlfarsárvegur | 931 Upphéraðsvegur
Hallormsstaður–Hringvegur |
| 518 Hálsasveitarvegur
Borgarfjarðarbraut–Kaldadalsvegur | <i>Landsvegir:</i> |
| 606 Karlseyjarvegur
Reykhólasveitarvegur–Reykhóla-
þorp | F26 Sprengisandsleið |
| 607 Reykhólasveitarvegur
Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur | F35 Kjalvegur |
| 622 Svalvogavegur
Vestfjarðavegur á Þingeyri–flug-
völlur | F208 Fjallabaksleið nyrðri |
| 631 Flugvallarvegur, Ísafirði | F550 Kaldadalsvegur |
| | <i>Ferjuleiðir:</i> |
| | Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn |
| | Stykkishólmur–Brjánslækur |
| | Hrísey–Árskógssandur |

3. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG ÚTGJÖLD

3.1 Flugmál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Flugvallagjald	2.523	2.816	3.049
Afgreiðslugjald	66	66	66
Framlög úr ríkissjóði	3.817	3.617	3.617
Ríkistekjur	605	605	605
Sértekjur			
Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu	5.877	6.427	6.427
Aðrar sértekjur	1.830	1.830	1.830
Tekjur og framlög alls	14.718	15.361	15.594
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir lána	-339	-339	0
Viðskiptahreyfingar samtals	-339	-339	0
Til ráðstöfunar alls	14.379	15.022	15.594
Gjöld			
Rekstur og þjónusta			
Yfirstjórn	1.066	1.066	1.066
Flugvalla- og leiðsöguþjónusta	3.456	3.426	3.426
Flugumferðarþjónusta innan lands	994	994	994
Framlag Íslands vegna samnings um alþjóðaflugþjónustu	416	455	455
Alþjóðaflugþjónusta	5.877	6.427	6.427
Eftirlit og öryggismál	591	580	580
Rannsóknir	53	72	72
Minjar og saga	20	20	20
Rekstur samtals	12.473	13.040	13.040
Viðhald og styrkir			
Viðhaldssjóðir	530	658	833
Styrkir til innanlandsflugs	0	100	400
Viðhald og styrkir samtals	530	758	1.233
Stofnkostnaður			
Flugvellir í grunnneti	1.301	994	447
Áður framkvæmt/afborganir	-339	-339	0
Áætlunarflugvellir utan grunnnets	5	113	103
Aðrir flugvellir utan grunnnets	23	117	146
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	386	339	625
Stofnkostnaður samtals	1.376	1.224	1.321
Gjöld alls	14.379	15.022	15.594

3.2 Siglingamál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr.	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Skipagjald	256	256	256
Vitagjald	423	449	477
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	872	926	983
Markaðar tekjur samtals	1.551	1.631	1.715
Framlag úr ríkissjóði	6.609	4.695	4.689
Ríkistekjur	5	5	5
Sértekjur	498	498	498
Tekjur og framlög alls	8.663	6.829	6.907
Viðskiptahreyfingar			
Skuldbinding ríkissjóðs við hafnarsjóði	-186	0	0
Lántökur	0	0	0
Viðskiptahreyfingar samtals	-186	0	0
Til ráðstöfunar alls	8.477	6.829	6.907
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	781	839	889
Vitar og leiðsögukerfi	430	456	484
Skipaskoðun	460	460	460
Vaktstöð siglinga	705	729	729
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	78	80	80
Langtímaáætlun um öryggi sjófarenda	75	80	80
Þjónustusamningar um öryggismál	461	437	437
Rannsóknir og þróun	190	160	160
Minjar og saga	60	80	80
Rekstrargjöld alls	3.240	3.321	3.399
Stofnkostnaður			
Tæki og búnaður	91	96	96
Vitar og leiðsögukerfi	63	80	80
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	4.458	2.400	2.400
Áður framkvæmt/afborganir	-186	0	0
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	285	360	360
Lendingarbætur	18	20	20
Ferjubryggjur	29	32	32
Sjóvarnargarðar	386	400	400
Hafnabótasjóður framlag	93	120	120
Stofnkostnaður samtals	5.237	3.508	3.508
Gjöld alls	8.477	6.829	6.907

3.3 Vegamál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur	42.946	45.113	46.424
Framlag úr ríkissjóði	12.752	12.152	9.332
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Ríkistekjur			
Sértekjur			
Tekjur og framlög	60.298	57.265	55.756
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir	-1.413	-320	0
Afborganir	0	-500	0
Viðskiptahreyfingar samtals	-1.413	-820	0
Til ráðstöfunar alls	58.885	56.445	55.756
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	0
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Rekstrargjöld alls	15.296	16.160	16.850
Viðhald samtals	9.628	10.600	11.100
Stofnkostnaður			
Grunnet			
Almenn verkefni	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	8.100	9.319	8.914
Áður framkvæmt/afborgarnir	-160	-80	0
Orku- og iðjuvegir	417	0	0
Jarðgöng	6.400	5.000	2.000
Landsvegir í grunnneti	120	200	520
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Samtals grunnnet	27.383	23.425	20.936
Utan grunnnets			
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Til brúargerðar	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals utan grunnnets	6.578	6.760	6.870
Afborgun skuldar frá 1999	0	-500	0
Stofnkostnaður samtals	33.961	29.685	27.806
Gjöld alls	58.885	56.445	55.756

4. ÁÆTLUN UM HELSTU FRAMKVÆMDIR Í GRUNNETI

Helstu framkvæmdum í grunnneti skal raðað á tímabil eins og hér er gerð grein fyrir:

Flug.

Flugvellir í grunnneti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Samtals framkvæmdakostnaður	732	652	425
Reykjavík	322	319	278
Akureyri	166	67	6
Egilsstaðir	31	87	0
Vestmannaeyjar/Bakki	96	96	40
Ísafjörður/Pingeyri	92	47	47
Sauðárkrókur	0	5	18
Hornafjörður	5	0	10
Bíldudalur	20	3	26
Þórshöfn	0	28	0

Hafnir.

Hafnir í grunnneti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Akranes	131		
Snæfellsbær (Rif og Ólafsvík)	148		
Grundarfjörður	18		
Stykkishólmur	22		
Vesturbyggð (Patreksfjörður)	143		
Ísafjarðarbær (Ísafjörður)	202		
Bolungarvík	97		
Skagaströnd	10		
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	16		
Siglufjörður	94		
Hafnasamlag Eyjafjarðar (Dalvík og Ólafsfjörður)	84		
Hafnasamlag Norðurlands (Akureyri)	152		
Húsavík	208		
Raufarhöfn	10		
Þórshöfn	213		
Vopnafjörður	161		
Seyðisfjörður	98		
Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður)	845		
Fáskrúðsfjörður	24		
Djúpivogur	31		
Hornafjörður	295		
Vestmannaeyjar	412		
Þorlákshöfn	331		
Grindavík	598		
Sandgerði	2		
Reykjanesbær	65		
Samtals	4.410	2.320	2.320
Viðskiptahreyfingar	-186		
Óskipt til slysavarna o.fl.	48	80	80
Hafnir í grunnneti alls, þrjú fjögurra ára tímabil	4.272	2.400	2.400

*Vegir.***Verkefni á höfuðborgarsvæði.**

Nafn vegar Heiti verkefnis	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Hringvegur			
Tengingar við Norðlingaholt		300	
Gatnamót við Breiðholtsbraut			120
Breikkun, Breiðholtsbraut–Nesbraut		400	
Gatnamót við Nesbraut	400		
Breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut	500		
Gatnamót við Hallsveg	10	490	
Gatnamót við Korpúlfsstaðabraut			500
Breikkun, Skarhólabraut–Langitangi		220	
Breikkun í Ullarnesbrekku			100
Hafnarfjarðarvegur			
Gatnamót við Listabraut		480	220
Breikkun, Fossvogur–Arnarnesvegur		156	314
Gatnamót við Nýbýlaveg	50		
Reykjanesbraut			
Laugarnesvegur–Dalbraut	180		
Gatnamót við Skeiðarvog			500
Gatnamót við Bústaðaveg		500	
Gatnamót við Stekkjarbakka	670		
Gatnamót við Breiðholtsbraut	96		
Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun	900		
Arnarnesvegur, gatnamót		500	
Vífilsstaðavegur, gatnamót		400	
Urriðaholtsvegur, gatnamót		300	
Álftanesvegur–Lækjargata		50	850
Kaplakriki–Krýsuvíkurvegur	400		800
Nesbraut			
Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	1.000	1.300	500
Hlíðarfótur			
Hringbraut–Flugstöð	100	280	
Ellíðavatnsvegur			
Kópavogur–Hafnarfjörður			100
Arnarnesvegur			
Reykjanesbraut–Breiðholtsbraut	100	300	300
Vífilsstaðavegur			
Hafnarsvæði–Hafnarfjarðarvegur		70	
Breiðholtsbraut			
Við Arnarnesveg			60
Álftanesvegur			
Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	500		
Úlfarsfellsvegur			
Hringvegur–Hafravatnsvegur			258
Hallsvegur			
Hringvegur–Víkurvegur		160	
Sundabraut			
Sæbraut–Geldinganes	500	800	2.500
Göngubrýr og undirgöng			
	240	240	240
Umferðarstýring			
	100		
Smærri verk og ófyrirséð			
	240	300	400
Samtals	5.986	7.246	7.762

Verkefni á landsbyggð.

Heiti verkefnis	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
Þjórsá	86		
Bræðratunguvegur	80	520	80
Gjábakkavegur	112	338	
Hringvegur, Reykjavík–Hveragerði		100	500
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður–Keflavík	1.100	1.500	1.600
Suðurstrandarvegur		100	500
Hvalfjarðartengingar	240	120	
Hringvegur um Stafholtstungur	300	290	
Hálsasveitarvegur að Húsafelli	160		
Fróðárheiði			100
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð	700	160	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka, Svínadalur	170	100	
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur–Flókalundur	800	800	1.000
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur		400	500
Ísafjarðardjúp	700	800	400
Djúpvegur, Súðavík–Bolungarvík	50	50	104
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	440	280	
Siglufjarðarvegur	25		
Þverárfjallsvegur	50	191	300
Lágheiði	50		
Hringvegur á Mývatnsheiði	200		
Tenging Norðurland–Austurland	480	190	
Skjálfandafljót			500
Norðausturvegur, Húsavík–Þórshöfn	900	950	950
Kísilvegur	100	240	
Hringvegur á Austurlandi	450	400	400
Hringvegur um Bragðavallahóla			220
Lagarfljót			700
Hornafjarðarfljót	200	400	
Jökulsá á Breiðamerkursandi	50	50	
Brýr í Öreðfum		150	
Norðausturvegur, Þórshöfn–Bakkafjörður			270
Norðausturvegur, Hringvegur–Vopnafjörður	100	850	
Breikkun brúa á Suðurlandi	130	100	200
Breikkun brúa á Vesturlandi		100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	137	100	100
Breikkun brúa á Norðurlandi eystra			100
Breikkun brúa á Austurlandi			50
Samgöngurannsóknir	40	40	40
Skuldir, skuldbindingar og óráðstafað	250		200
Samtals	8.100	9.319	8.914

Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra.

Heiti verkefnis Vegnr. Vegheiti Kaflanr. Kafaheiti	1. tímabil 2003–2006 millj. kr.	2. tímabil 2007–2010 millj. kr.	3. tímabil 2011–2014 millj. kr.
a) Verkefni á höfuðborgarsvæðinu	1.000		
1 Hringvegur			
f3 Víkurvegur–Skarhólabraut, breikkun	100		
41 Reykjanesbraut			
12–13 Fífuhvamsvegur–Kaplakriki, breikkun	400		
13–14 Kaplakriki–Lækjargata	100		
49 Nesbraut			
04 Kringlumýrarbraut–Bjarkargata	300		
411 Arnarnesvegur			
05 Reykjanesbraut–Elliðavatnsvegur	100		
b) Verkefni á norðaustursvæðinu	1.000		
85 Norðausturvegur			
07–09 Breiðavík–Bangastaðir	370		
13–14 Um Núpasveit	200		
1 Hringvegur			
s1–s7 Biskupsháls–Skjöldólfsstaðir	300		
85 Norðausturvegur			
31 Sýslumörk–Finnafjarðará	130		
c) Suðurstrandarvegur, Hellisheiði og Gjábackaleið			
I) Suðurstrandarvegur	500		
427 Suðurstrandarvegur			
02–13 Grindavík–Þorlákshafnarvegur	500		
II) Hellisheiði	200		
1 Hringvegur á Hellisheiði			
d8–d9 Hellisheiði	200		
III) Gjábackavegur	200		
365 Gjábackavegur			
01 Laugarvatnsvegur–Þingvallavegur	200		
d) Vegagerð á Vestfjörðum og á Þverárfjallsvegi			
I) Verkefni á Vestfjörðum	1.000		
60 Vestfjarðavegur			
29–31 Bjarkarlundur–Flókalundur	400		
61 Djúpvegur			
09–10 Steinadalsvegur–Tröllatunguvegur	100		
31–34 Gilseyri–Eiði	500		
II) Þverárfjallsvegur	200		
744 Þverárfjallsvegur			
01 Skagastrandarvegur–Skúfur	200		

Heiti verkefnis	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
Vegnr. Vegheiti	2003–2006	2007–2010	2011–2014
Kaflanr. Kaflaheiti	millj. kr.	millj. kr.	millj. kr.
e) Göng undir Almannaskarð	500		
1 Hringvegur			
v5 Um Almannaskarð	500		
Samtals	4.600		

Samgönguráðuneytinu, 4. apríl 2003.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.